

Miðvikudaginn 27. febrúar 2019.

Nr. 26/2018.

A og

B

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

gegn

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

(Ebba Schram lögmaður)

Börn. Forsjársvipting. Meðdómsmaður. Lögskýring. Ómerking héraðsdóms. Gjafsókn.

Í málinu höfðu bæði héraðsdómur og Landsréttur fallist á kröfu BR um að A og B yrðu svipt forsjá dóttur sinnar á grundvelli a. og d. liða 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fyrir Hæstarétti var einungis deilt um hvort ómerkja bæri dóma héraðsdóms og Landsréttar. Byggðu áfrýjendur á því að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991, eins og henni hefði verið breytt með 1. gr. laga nr. 49/2016, hefði verið óheimilt að kveðja til tvo sérfræðinga á sama sviði sem sérfróða meðdómendur í málinu, en í héraði höfðu tveir sálfræðingar tekið sæti í dómi ásamt einum embættisdómara. Yrði hins vegar talið að héraðsdómur hefði verið réttilega skipaður, hlyti það að valda því að í Landsrétti hefðu tveir sérfróðir meðdómsmenn einnig orðið að taka sæti, en þar hafði einn sálfræðingur setið í dómi með tveimur embættisdómurum. Í dómi sínum rakti Hæstiréttur tilgreind ákvæði laga nr. 91/1991 og 49/2016, svo og hlutaðeigandi ákvæði barnaverndarlaga og þær breytingar sem á þeim höfðu verið gerðar með lögum nr. 80/2011. Taldi rétturinn að 27. gr. síðastgreindra laga, um breytingu á 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga, hefði leitt af sér skyldu héraðsdómara til þess að kveðja til tvo sérfróða meðdómsmenn í málum sem vörðudu sviptingu forsjár barns. Eftir að aðalreglu 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 hefði verið breytt með 1. gr. laga nr. 49/2016, í það horf að einn sérfróður meðdómsmaður skyldi sitja í dómi ásamt tveimur embættisdómurum í héraði þegar sérþekkingar væri þörf, samrýmdist orðalag 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga á hinn bóginn ekki lengur almennum reglum um meðferð einkamála fyrir dómi. Yrði því að líta svo á að regla 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga, um að héraðsdómara bæri ávallt að kveðja sérfróðan meðdómsmann til setu í dómi við rekstur máls um sviptingu forsjár barns, stæði óhöggud, en að með 1. gr. laga nr. 49/2016 hefði í raun fallið brott sá almenni þáttur fyrirnefndu lagagreinarinnar að sérfróðu meðdómsmennirnir skyldu vera tveir. Samkvæmt því hefði sú ákvörðun héraðsdómara að kveðja til tvo sálfræðinga til að skipa dóm í málinu verið í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 og væri því óhjákvæmilegt að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þorgeir Örlygsson, Greta Baldursdóttir, Helgi I. Jónsson, Karl Axelsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 8. nóvember 2018 að fengnu áfrýjunarleyfi. Þau krefjast þess aðallega að héraðsdómur og dómur Landsréttar verði

ómerktir og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað að nýju til Landsréttar. Þá krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnda á öllum dómstigum án tillits til gjafsóknar sem þeim hefur verið veitt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétti liggja gögn um að héraðsdómi í máli þessu hafi verið áfrýjað til Landsréttar 23. maí 2018, en ekki 30. sama mánaðar eins og ranglega greinir í hinum áfrýjaða dómi. M álinu var því skotið til Landsréttar innan tveggja vikna frá uppkvaðningu héraðsdóms í samræmi við 5. mgr. 124. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I

Mál þetta lýtur að kröfu stefnda um að áfrýjendur verði svipt forsjá dóttur sinnar, sem fædd er [...], á grundvelli a. og d. liða 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt þeim ákvæðum er barnaverndarnefnd heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar eða báðir, verði sviptir forsjá ef hún telur að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska og fullvíst sé að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hættu búin sökum þess að foreldrar séu augljóslega óhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana eða greindarskorts, eða breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Samkvæmt gögnum málsins hafa málefni dóttur áfrýjenda verið til meðferðar hjá stefnda frá árinu 2012 vegna ætlaðrar vanrækslu og vímuefnavanda áfrýjenda. Við meðferð málsins hjá stefnda var aflað mats sálfræðings á forsjárhæfni áfrýjenda. Í álitsgerð 31. mars 2016 taldi hann forsjárhæfni þeirra skerta og að velferð og þroska barnsins væri best borgið með vistun utan heimilis í að minnsta kosti ár á meðan foreldrar reyndu að bæta stöðu sína. Einnig kom fram að hann teldi ólíklegt í ljósi sögunnar að áfrýjendur myndu nýta sér frekari stuðningsúrræði ef þau leituðu sér ekki fíknimeðferðar. Þá mun hafa staðið til að sálfræðingurinn gerði nýtt mat á forsjárhæfni áfrýjenda en af því hafi ekki orðið þar sem illa hafi gengið að fá móður til samvinnu um það. Við meðferð málsins í héraði lögðu áfrýjendur fram beiðni um dómkvaðningu manns til að meta forsjárhæfni þeirra. Þeirri kröfu hafnaði héraðsdómur með úrskurði 2. mars 2018 og staðfesti Landsréttur hann 22. sama mánaðar.

Í héraðsdómi var komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði a. og d. liða 29. gr. barnaverndarlaga væru uppfyllt og var krafa stefnda um að svipta áfrýjendur forsjá stúlkunnar tekin til greina. Með hinum áfrýjaða dómi var sú niðurstaða staðfest. Hefur dóttir áfrýjenda verið vistuð utan heimilis þeirra frá febrúar 2016, fyrst á vistheimili barna en frá apríl sama ár hjá [...].

II

Við meðferð málsins í héraði voru tveir sálfræðingar kvaddir til setu í dómi sem sérfróðir meðdómsmenn en í Landsrétti sat einn sálfræðingur í dóminum með tveimur landsréttardómurum. Reisa áfrýjendur aðalkröfu sína um ómerkingu héraðsdóms á því að ákvörðun héraðsdómara um að kveðja til tvo sérfróða meðdómsmenn á sama sviði til að skipa dóm í málinu hafi verið í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991, eins og henni hafi verið breytt með 1. gr. laga nr. 49/2016. Telja áfrýjendur þá niðurstöðu Landsréttar ranga að tveir sérfróðir meðdómsmenn skuli sitja í málum af þeim toga sem hér um ræðir þrátt fyrir nefnt ákvæði laga nr. 91/1991. Verði á hinn bóginn talið að héraðsdómur hafi réttilega verið skipaður tveimur sérfróðum meðdómsmönnum vegna ákvæða 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga hljóti það að valda því að í Landsrétti hefðu tveir sérfróðir meðdómsmenn einnig orðið að taka sæti í dómi. Því beri að taka til greina varakröfu áfrýjenda um ómerkingu dóms Landsréttar.

III

Fyrir gildistöku laga nr. 49/2016 sagði í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 að ef deilt væri um staðreyndir sem bornar væru fram sem málsástæður og dómari teldi þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr gæti hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hefðu slíka sérkunnáttu. Eftir breytinguna með 1. gr. laga nr. 49/2016 segir í ákvæðinu að dómari geti, ef deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og hann telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr, kvatt til einn meðdómsmann sem hafi slíka kunnáttu. Þó sé dómara heimilt að kveðja til tvo meðdómsmenn ef hann telur þurfa sérkunnáttu í dómi á fleiri en einu sviði. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 49/2016 sagði í skýringum við 1. gr. að rökin fyrir þessari breytingu væru einkum þau að hún myndi veða upp á móti auknum kostnaði af sérfróðum meðdómsmönnum á millidómstigi. Þá væru meðdómsmenn oft valdir úr tiltölulega þröngum hópi og með breytingunni væri dregið úr hættu á að hæfir sérfræðingar á viðkomandi sviði yrðu ekki lengur tiltækir þegar kæmi að kvaðningu meðdómsmanna á millidómstigi. Með breytingunni væri jafnframt dregið úr líkum á

því að sérfróðir meðdómsmenn gætu myndað meirihluta gegn embættisdómara í atkvæðagreiðslu um lögfræðileg atriði en almennt yrði að telja það óæskilegt.

Samkvæmt 78. gr. laga nr. 49/2016 tóku þau gildi 1. janúar 2018 og náðu til allra mála annarra en þeirra sem ekki var þá lokið en höfðu þegar verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti. Samkvæmt gögnum málsins voru sérfróðir meðdómsmenn kvaddir til setu í héraðsdómi 20. apríl 2018 og gildi því breytt ákvæði laganna um þá skipan.

Með 2. gr. laga nr. 49/2016 var nýrri grein, 2. gr. a., bætt í lög nr. 91/1991. Þar segir í 1. málslíð 1. mgr. að ef sérfróður meðdómsmaður hefur tekið þátt í meðferð máls fyrir héraðsdómi sem fengið hefur efnislega úrlausn þar, enn er deilt um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður fyrir Landsrétti og forseti telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr, geti forseti að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu dómsformanns í málinu kvatt til einn meðdómsmann sem hefur slíka sérkunnáttu og skipar hann þá dóm í máli með tveimur dómurum við Landsrétt.

Í X. kafla barnaverndarlaga er í 53. gr. til 60. gr. fjallað um meðferð mála samkvæmt 29. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna fyrir dómi en í 29. gr. er fjallað um forsjársviptingu. Í 53. gr. laganna segir að um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gildi ákvæði laga um meðferð einkamála með þeim frávikum sem í lögnum greini. Í 1. mgr. 54. gr. laganna segir: „Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka.“ Ákvæði þessu var breytt í þetta horf með 27. gr. laga nr. 80/2011 en fyrir breytinguna sagði að í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skyldi að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2011 sagði í skýringum við framangreint ákvæði að rétt þætti „að kveða skýrara að orði um skyldu til að kveðja til setu sérfróða meðdómsmenn í barnaverndarmálum. Við setningu nógildandi laga var gengið út frá því að barnaverndarmál væru þannig vaxin efnislega að almennt bæri að gera ráð fyrir að sérþekkingar væri þörf. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna var gengið út frá því að sérfróðir meðdómsmenn yrðu kallaðir til nema í undantekningartilvikum sem voru nefnd sérstaklega. Í dómi Hæstaréttar frá 7. febrúar 2008 í máli nr. 382/2007 kemur fram að það sé háð mati héraðsdómara hvort kveðja skuli til sérfróða meðdómendur skv. 54. gr. laganna en í málinu hafði héraðsdómari einn lagt efnisdóm á mál og sýknað stefndu af kröfu um sviptingu forsjár. Ekki þykir rétt að kvika frá því að þörf sé sérþekkingar til að kveða

upp efnisdóm í barnaverndarmáli. Því þykir rétt að taka af öll tvímæli og gera það skylt að kveðja til sérfróða meðdómsmenn nema við þær sérstöku aðstæður sem lýst er í ákvæðinu.“

Samkvæmt framansögðu leiddi 27. gr. laga nr. 80/2011 af sér skyldu héraðsdómara til þess að kveðja til tvo sérfróða meðdómsmenn í málum sem varða sviptingu forsjár barns og var það ekki háð mati hans. Að þessu síðastgreinda leyti hafði ákvæðið að geyma sérreglu. Til þess verður að líta að við setningu laga nr. 80/2011 var aðalregla laga nr. 91/1991 sem áður segir sú að þegar þörf væri á sérkunnáttu í héraðsdómi yrðu kvaddir til tveir menn sem hana hefðu til að taka sæti í dómi. Af þessum sökum var á þeim tíma sjálfgefið að orðalagi 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga yrði hagað á þann hátt að rætt væri í fleirtölu um að kvaddir yrðu til sérfróðir meðdómsmenn. Eftir að áðurnefndri aðalreglu laga nr. 91/1991 var breytt með 1. gr. laga nr. 49/2016 í það horf að einn sérfróður meðdómsmaður sitji í dómi í héraði þegar sérþekkingar er þörf ásamt tveimur embættisdómurum samrýmist orðalag 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga á hinn bóginn ekki lengur almennum reglum um meðferð einkamála fyrir dómi. Ekki verða séð haldbær rök fyrir því að mál af þessum toga eigi að njóta að þessu leyti sérstöðu í samanburði við önnur mál. Verður að þessu gættu að líta svo á að óhögguguð standi sú sérregla í 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga að héraðsdómara beri ávallt að kveðja sérfróðan meðdómsmann til setu í dómi við rekstur máls um sviptingu forsjár barns, en með 1. gr. laga nr. 49/2016 hafi í raun fallið brott sá almenni þáttur fyrrnefndu lagagreinarinnar að sérfróðu meðdómsmennirnir skyldu vera tveir. Samkvæmt þessu var sú ákvörðun héraðsdómara, að kveðja til tvo sálfræðinga til að skipa dóm í málinu með sér, í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja héraðsdóm í málinu og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Um gjafsóknarkostnað áfrýjenda á öllum dómstigum fer samkvæmt því sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Héraðsdómur í máli þessu er ómerktur og er því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, A og B, á öllum dómstigum greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningsspóknun lögmanns þeirra, samtals 2.400.000 krónur.

Dómur Landsréttar 21. september 2018.

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Jón Finnbjörnsson og Ragnheiður Bragadóttir, og Ragna Ólafsdóttir sálfræðingur.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Máli þessu var skotið til Landsréttar 30. maí 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2018 í málinu nr. [...] þar sem áfrýjendur voru svipt forsjá dóttur sinnar, C. Áfrýjendur krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefjast þau þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af kröfu um forsjárviptingu. Loks krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- 2 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.
- 3 Áfrýjendur reisa kröfu um ómerkingu hins áfrýjaða dóms annars vegar á því að tveir sérfróðir meðdómendur hafi setið í dómi ásamt embættisdómara. Það sé óheimilt en samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skuli einungis kveðja til einn sérfróðan meðdómanda sem sitji í dómi með tveimur embættisdómurum.
- 4 Með dómum Landsréttar í málum nr. 274/2018 og 302/2018 hefur því verið slegið föstu að við meðferð mála um forsjárviptingu fyrir héraðsdómi skuli, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála, tveir sérfróðir meðdómendur sitja í dómi í samræmi við reglu 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 5 Þá telja áfrýjendur að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm vegna þess að réttinda barns þeirra hafi ekki verið gætt við meðferð málsins. Ekkert liggir fyrir um að talsmanni barnsins hafi samkvæmt 2. mgr. 55. gr. barnaverndarlaga verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þinghöld í málinu, sbr. 46. gr. sömu laga.
- 6 Þegar mál þetta var höfðað með stefnu útgefni 13. desember 2017 var C nýorðin [...] ára. Engin ástæða er til að efast um réttmæti þeirrar ákvörðunar héraðsdómara að leiða hana ekki til skýrslugjafar fyrir dómi í ljósi ungs aldurs hennar. Henni hafði verið skipaður talsmaður í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga og hafa nokkrar skýrslur talsmannsins verið lagðar fram í málinu. Þá gaf hann skýrslu fyrir Landsrétti. Talsmanninum var ekki gefið færi á að vera viðstaddur þinghöld í máli þessu í héraði, sem þó var skylt samkvæmt 2. mgr. 55. gr. barnaverndarlaga. Í skýrslum talsmannsins sem voru lagðar fram

fyrir héraðsdómi kom fram að stúlkan væri ánægð hjá [...] en að hana langaði líka til að vera hjá mömmu sinni og pabba. Ekki er ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm þrátt fyrir að talsmanninum hafi ekki gefist færi á að fylgjast með þinghöldum í málinu þar sem viðhorfum stúlkunnar voru gerð fullnægjandi skil í skriflegum gögnum.

- 7 Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms fæddist áfrýjendum sonur. Fyrir Landsrétti hefur verið lögð fram greinargerð meðgöngu- og sængurlegudeildar Landspítalans þar sem lýst er áhyggjum af því hvort áfrýjendur geti tryggt velferð barnsins. Þá voru lögð fram gögn um að barnaverndarnefnd hefði í september 2018 leitað eftir því við SÁÁ að áfrýjendur kæmust til meðferðar á sjúkrahúsinu að Vogu. Segir í bréfi nefndarinnar að þau séu samþykkt því að fara í meðferð.
- 8 Með þessum athugasemdum en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.
- 9 Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður. Áfrýjendur hafa gjafsókn hér fyrir dómi og er þóknun lögmanns þeirra ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti 744.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Landsrétti, 744.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 9. maí 2018

I.

Mál þetta var höfðað 13. desember 2017 og dómtekið 20. apríl 2018. Það sætir flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b í barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. 123. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi er Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Stefnt er B, [...], og A, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði svipt forsjá dóttur sinnar, C, kt. [...], sem nú er vistuð á heimili á vegum stefnanda.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað auk virðisaukaskatts, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

II.

Mál þetta varðar dóttur stefndu, sem er [...] ára gömul, og hefur lotið forsjá beggja foreldra sinna.

Með úrskurði 12. október 2017 var ákveðið af hálfu stefnanda að dóttir stefndu yrði vistuð á heimili á vegum stefnanda í tvo mánuði frá þeim degi að telja á grundvelli b-liðar 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í framhaldi af því var þess krafist fyrir dómi að stefndu yrðu svipt forsjá dóttur sinnar.

Samkvæmt gögnum málsins hefur stefnandi haft málefni barna stefndu til meðferðar allt frá árinu [...]. Á því tímabili hafa borist um 20 tilkynningar til barnaverndaryfirvalda frá almennum

borgurum, ættingja, lögreglu, þjónustumiðstöð, leikskóla og síðar skóla, þar sem greint hefur verið frá vanrækslu telpunnar, ofbeldi milli foreldra og vímuefnaneyslu þeirra. Starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur á bakvakt hafa einnig verið kallaðir til í fjögur skipti vegna gruns um, og staðfestrar, vímuefnaneyslu varnaraðila og ofbeldis milli þeirra.

Í málinu liggur fyrir forsjárhæfnimat D sálfræðings 31. mars 2016, sem aflað var af Barnavernd Reykjavíkur. Niðurstaða þess var sú að forsjárhæfni móður væri verulega skert og forsjárhæfni föður skert. Mælti matsmaður með því að telpan yrði vistuð utan heimilis stefndu í það minnsta í eitt ár á meðan stefndu reyndu til þrautar að bæta stöðu sína. Jafnframt kom fram hjá matsmanninum að hann teldi ólíklegt í ljósi sögunnar að stefndu myndu nýta sér frekari stuðningsúræði leituðu þau sér ekki fíknimeðferðar.

Á fundi stefnanda 12. apríl 2016 var rætt um að aðstæður telpunnar væru óviðunandi hjá stefndu og talið nauðsynlegt að hún yrði vistuð utan heimilis stefndu til að tryggja öryggi hennar og velferð. Stefndu voru ekki reiðubúin til að samþykkja langa vistun telpunnar utan heimilis og 20. apríl 2016 úrskurðaði stefnandi að hún skyldi vistuð utan heimilis í tvo mánuði frá og með 20. apríl 2016 með heimild í b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Málið var lagt fyrir fund stefnanda 11. október 2016 með tillögu um áframhaldandi vistun utan heimilis í sex mánuði. Stefndu samþykktu áframhaldandi vistun og gerð var meðferðaráætlun með stefndu um vímuefnaeðferð og eftirfylgd. Á tímabili vistunar frá október 2016 til apríl 2017 mældust vímuefnapróf stefndu, móður, ítrekað jákvæð fyrir amfetamíni. Þá mældist stefndi, faðir, tvisvar jákvæður fyrir amfetamíni. Ágreiningslaust er þó að stefndu hafi á þessu tímabili sótt vel sálfræðiviðtöl sem þeim stóðu til boða.

Í kjölfar fundar stefnanda 28. mars 2017 undirrituðu stefndu yfirlýsingu, sem dagsett er 31. mars 2017, um vistun telpunnar til 12. október 2017. Jafnframt undirrituðu þau meðferðaráætlun 30. mars 2017, skv. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Á tímabili meðferðaráætlunar virðast stefndu hafa vanrækt að skila vímuefnaprófi á [...]. Stefndu var boðið að taka vímuefnapróf og samþykkti stefndi, faðir, það og mældist hreinn á öllum kvörðum í bæði skiptin. Þá samþykkti stefnda, móðir, einu sinni að taka vímuefnapróf og mældist þá jákvæð fyrir amfetamíni, sem hún neitaði að hafa notað.

Telpan mun hafa verið í viðtölum hjá sálfræðingi Barnaverndar Reykjavíkur og hefur hún greint frá því að henni líði vel hjá [...] og [...], þar sem hún býr nú, en sagðist líða betur þegar hún fengi að hitta foreldra sína. Þetta kemur einnig fram í talsmannsskýrslu 20. september 2017.

Með matsbeiðni sem lögð var fram hér fyrir dómi 8. janúar 2018 fóru stefndu þess á leit að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta atriði tengd forsjárhæfni þeirra. Beiðni þessari var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 2018 og staðfesti Landsréttur þá niðurstöðu með úrskurði 22. mars 2018.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína um forsjársviptingu á því að ákvæði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 séu uppfyllt í máli þessu. Það er mat stefnanda, með hliðsjón af gögnum málsins og forsögu, að fullvíst sé að líkamlegri og andlegri heilsu telpunnar sé hætta búin fari stefndu með forsjá hennar. Stefnandi telur að stuðningsaðgerðir á grundvelli laganna dugi ekki til að tryggja öryggi telpunnar og fullnægjandi uppeldisskilyrði til frambúðar á heimili stefndu. Þá telur stefnandi að gögn málsins sýni, svo ekki verði um villst, að daglegri umönnun telpunnar verði stefnt í verulega hættu, fari stefndu með forsjá hennar. Heilsu og þroska telpunnar sé sömuleiðis hætta búin fari stefndu með forsjána eins og málum er háttað.

Með hagsmuni telpunnar að leiðarljósi telur stefnandi að mikilvægt sé að finna henni framtíðarheimili og umönnunaraðila þar sem öryggi hennar og þroskavænlegar uppeldisaðstæður séu tryggðar. Telpan dvelji nú á heimili fósturforeldra þar sem vel sé hlúð að henni og réttur hennar til viðunandi uppeldis og umönnunar sé tryggður, auk þess sem öryggi hennar verði tryggt. Með vísan til

alls þessa er það mat stefnanda að það þjóni hagsmunum telpunnar best að þeim stöðugleika sem kominn er á verði ekki raskað, enda sé það í fullu samræmi við meginreglu barnaverndarlaga, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna, um að barnaverndarstarf skuli stuðla að því að stöðugleiki ríki í uppvexti barna. Krafa stefnanda byggir á því að of mikil og óforsvaranleg áhætta felist í því að láta stefndu fara með forsjá dóttur sinnar.

Að mati stefnanda hefur verið leitast við að eiga eins góða samvinnu við stefndu um málið og aðstæður hafa leyft. Þá hefur verið leitast við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt hefur verið hverju sinni. Stefnandi telur stuðningsaðgerðir fullreyndar í því skyni að bæta forsjárhæfni stefndu. Önnur barnaverndarúrræði en forsjárvipting séu því ekki tæk nú, en brýna nauðsyn beri til að skapa telpunni til frambúðar það öryggi og umönnun sem hún eigi rétt á að búa við lögum samkvæmt. Geti þau stuðningsúrræði sem stefnandi hafi yfir að ráða ekki megnað að skapa telpunni þau uppeldisskilyrði sem hún eigi skýlausan rétt til hjá stefndu. Að mati stefnanda hafi vægustu ráðstöfunum ávallt verið beitt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og sé krafa stefnanda sett fram samkvæmt fortakslausu ákvæði 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Meðalhófsreglunnar hafi verið gætt í hvívetna við meðferð málsins og ekki gripið til viðurhlutameiri úrræða en nauðsyn hafi verið.

Stefnandi vísar til þess að það séu frumréttindi barna að búa við stöðugleika í uppvexti og þroskavænleg skilyrði. Það sé almenn skylda foreldra, sem lögfest sé í 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að sýna börnum virðingu og umhyggju, auk þess sem óheimilt sé með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Forsjárréttur foreldra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forsvaranlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir foreldris og barns vegast á, séu hagsmunir barnsins, hvað því er fyrir bestu, þyngri á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að. Hinu opinbera sé og skylt að veita börnum vernd, svo sem fyrir er mælt um í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013. Þá eigi reglan sér einnig stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og í Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979.

Með skírskotun til alls framanritaðs, meginreglna í barnaverndarrétti, sbr. 4. gr. barnaverndarlaga, og gagna málsins, gerir stefnandi þá kröfu að B og A verði svipt forræði dóttur sinnar, C, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, enda muni önnur og vægari úrræði ekki skila tilætluðum árangri.

IV.

Varnir sínar byggja stefndu á því að skilyrði 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 séu ekki uppfyllt í máli þessu.

Umönnun, uppeldi og samskiptum stefndu við dóttur sína sé ekki alvarlega ábótavant, sbr. a-lið 29. gr. laganna. Barnið hafi verið í fóstri nú í nokkurn tíma og stefndu hafi því ekki séð um daglega umönnun hennar á meðan. Stefndu telji í fyrsta lagi að þótt hugsanlega hafi verið einhverjir vankantar á forsjárhæfni þeirra og uppeldisskilyrðum stúlkunnar áður en hún var vistuð utan heimilis, þá hafi þeir vankantar aldrei verið nægilega miklir til þess að réttlæta að að svipta þau forsjá barnsins. Í öðru lagi telja stefndu að þau hafi nú þegar bætt forsjárhæfni sína og uppeldisskilyrði telpunnar umtalsvert. Vísa þau í því sambandi til matsgerðar D sálfræðings frá 31. mars 2016 en lýsa sig þó ósammála mati D að því er varðar þá þætti sem þar er talið að betur mættu fara í uppeldi stefndu.

Stefndu telja að við mat á því hvort umönnun, uppeldi og samskiptum þeirra við dóttur sína sé ábótavant verði að líta til breyttra aðstæðna hjá þeim nú. Í því skyni beri að líta til þess að aðstæður stefndu hafi batnað verulega og stefndu hafa bæði sinnt sálfræðimeðferð til þess að takast á við þau

persónulegu vandamál sem þau, hvort fyrir, sig hafi glímt við undanfarin ár. Þá hafi stefnda B einnig mætt í viðtal hjá VIRK til þess að fá stuðning og hvatningu til að bæta stöðu sína enn frekar. Í formati VIRK dags. 4. maí 2017 komi fram að B uppfylli skilyrði til þess að fá þjónustu VIRK auk þess sem hún hafi mikinn áhuga á stuðningi og hvatningu. Stefndu telji sig hafa styrkt forsjárhæfni sína umtalsvert frá því að forsjárhæfnimatið var unnið. Stefndu séu öll af vilja gerð til þess að bæta forsjárhæfni sína enn frekar og telja sig hafa sýnt þann vilja í verki. Í greinargerð félagsráðgjafa vegna fjölskyldumeðferðar 8. júní 2017 sem unnin var eftir að umrætt forsjárhæfnismat var gert komi fram að stefndu hafi bætt ráð sitt að nokkru leyti, en þar segir að:

Þau hafi bætt samskipti sín á milli þegar C er í heimsókn og orðin meðvitaðri um mikilvægi og tilgang þess að setja mörk og reglufesti í lífi fjölskyldunnar

Telja stefndu framangreint vera til marks um vilja sinn og getu til þess að styrkja sig í uppeldishlutverki sínu. Einnig telja þau að nauðsynlegt sé að taka tillit til vilja þeirra til þess að bæta ráð sitt, sem þau hafi meðal annars sýnt með því að mæta í viðtöl í fjölskyldumeðferð, en í umræddri greinargerð komi fram að þau hafi bæði mætt vel í öll viðtöl, að þau óski eftir áframhaldandi viðtölum og að viðtölin hafi nýst þeim vel og skilað árangri. Jafnframt komi fram að stefndu séu tilbúin til þess að ræða málefni er varða aðdraganda vistunar stúlkunnar utan heimilis og að þau vilji styrkja sambandið við fósturforeldra hennar.

Auk þess að hafa lagt á sig mikla vinnu til þess að bæta forsjárhæfni sína, þá hafi stefndu reynt að sinna umgengni við barnið eins vel og mögulegt sé. Hafi þeim í flestum tilvikum verið treyst til þess að vera með dóttur sína yfir nótt á heimili sínu, án eftirlits, en þau telji það vera til marks um að umönnun þeirra, uppeldi og samskipti við dóttur sína séu, eins og mál standa í dag, góð, og muni verða enn betri þegar á líður þar sem þau séu bæði í virkri vinnu til þess að bæta færni sína að þessu leyti. Stefndu telja að ef grunur væri um að uppeldisskipti á heimili þeirra og forsjárhæfni þeirra væri svo verulega skert sem stefnandi haldi fram væri óskiljanlegt að heimil væri eftirlitslaus umgengni við barnið yfir nótt.

Stefndu telja að skilyrði d-liðar 1. mgr. 29. gr. laga nr. 80/2002 séu ekki uppfyllt í máli þessu. Stefndu hafna því að vera hrjáð af geðrænum truflunum og einnig hafna stefndu því að eiga við vímuefnavanda að stríða. Líkt og komi fram í forsjárhæfnismati 31. mars 2016 hafi stefndu bæði gengist við því að hafa átt við vímuefnavanda að etja á yngri árum en þau séu bæði hætt allri neyslu. B hafi farið í meðferð árið 2013 en A hætt neyslu árið 2005. Í framangreindu forsjárhæfnismati komi einnig fram að greind stefndu B sé undir meðallagi eða við neðri mörk meðallags en fram komi að stefndi A búi yfir góðri greind. Stefnda B sé því ósammála að hún sé með svo skerta greind sem þar greinir. Stefnda telji samt sem áður að jafnvel þótt niðurstaða prófsins sé rétt eigi það eitt ekki að leiða til þess að hún verði svipt forsjá barnsins, enda alþekkt að fólk með greindarskerðingu hafi eignast börn og alið þau upp án nokkurra vandamála. Jafnframt verði að líta til þess að stefndi A sé með góða greind og ætti því að geta vegið upp á móti hugsanlegri greindarskerðingu B. Telja því stefndu að umrætt ákvæði standi ekki til þess að svipta eigi þau forsjá yfir dóttur sinni.

Stefndu gera athugasemdir við meðferð málsins hjá Barnavernd Reykjavíkur. Það sé grundvallarregla í barnarétti að hafa beri hag barns í fyrirrúmi við úrlausn hvers máls. Til þess að hægt sé að komast að því hvað sé best hverju sinni sé mikilvægt að barnaverndaryfirvöld sinni rannsóknarskyldu sinni. Á Barnavernd Reykjavíkur og þar með stefnanda hvíli skylda samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 56. gr. laga nr. 80/2002 og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 til þess að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því. Stefndu telja að stjórnvaldið hafi ekki sinnt þessari skyldu sinni áður en starfsmenn barnaverndar ákváðu að leggja til forsjásviptingu

skv. 29. gr. laga nr. 80/2002. Stefndu telja fjölmörg atriði ekki hafa verið könnuð til hlítar. Í fyrsta lagi hefði átt að kanna forsjárhæfni stefndu og heimilisaðstæður á ný áður en lagt yrði til að svipta stefndu forsjá, enda sé eldra forsjárhæfnismat orðið svo gamalt að ekki sé unnt að leggja það til grundvallar í máli þessu. Þá telja stefndu einnig að kanna hefði átt heimilisaðstæður þeirra betur, þar sem þau séu komin í húsnæði í [...]. Stefndu telja að stefnanda hafi borið skylda til að vinna nýtt forsjárhæfnismat og vísa þeim staðhæfingum stefnanda á bug að ekki hafi verið hægt að ná í þau til þess að gera nýtt mat. Telja stefndu að stefnendur hafi ekki lagt fram nein gögn til sönnunar þeirri staðhæfingu. Þá telja stefndu að stefnandi hafi ekki rannsakað nægilega hvort vægari úrræði gætu dugað til þess að ná markmiði þeirra og einnig hafi hann látið hjá líða að kanna hvaða áhrif forsjársvipting kunni að hafa á líf stúlkunnar.

Í máli þessu verði einnig að líta til meðalhófsreglu, en stefnandi sé bundinn af meðalhófsreglu 7. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2002 og 12. gr. laga nr. 37/1993, sbr. 38. gr. laga nr. 80/2002. Í því felist að barnaverndaryfirvöld skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti. Ekki skuli heldur beita íþyngjandi úrræðum lengur en nauðsynlegt sé. Stefndu telja að forsjársvipting geti ekki með nokkru móti samræmst meðalhófsreglunni, þar sem ekki sé nauðsynlegt að beita svo íþyngjandi úrræði. Þá telja stefndu að krafa stefnanda um forsjársviptingu gangi gegn markmiði barnaverndarlaga í 2. gr. þeirra laga, en þar komi fram að markmið þeirra sé m.a. að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og verði með engu móti fallist á að forsjársvipting stuðli að því markmiði. Stefndu telja að meðalhófsreglan leggi þær skyldur á barnaverndaryfirvöld að reyna að finna aðrar leiðir til þess að tryggja uppeldisaðstæður dóttur þeirra. Þau telja rétta málsmeðferð í þessu máli vera þá að veita þeim aðstoð við að bæta tengsl þeirra og barnsins og hjálp til þess að geta verið meira með barnið á heimilinu. Stefndu telja að það hefði samræmst mun betur meðalhófsreglunni ef leitast hefði verið við að styðja þau betur í uppeldishlutverkinu í stað þess að svipta þau forsjá yfir dóttur sinni. Stefndu vekja í því skyni sérstaka athygli á því að þau vilji eftir fremsta megni vinna með barnaverndaryfirvöldum og þiggja frá þeim stuðningsúrræði til að bæta stöðu sína. Telja stefndu það því samræmast mun betur hag fjölskyldunnar ef dóttir þeirra yrði vistuð utan heimilis á meðan barnavernd styddu þau í þeirri endurhæfingu sem þau hafi nú þegar hafið með sálfræðiviðtölum og, þegar endurhæfing þeirra yrði lengra komin, að barnaverndaryfirvöld veittu fjölskyldunni í heild stuðning til þess að auka umgengni og koma fjölskyldulífínu í fastar skorður. Stefndu telja það samræmast mun betur meðalhófssjónarmiðum að kanna hvort það fyrirkomulag sem þau leggja til komi sér betur fyrir stúlkuna. Það sé barnaverndaryfirvöldum í lófa lagið að aðstoða þau við að koma fjölskyldulífínu í rétt horf áður en svo íþyngjandi ákvörðun verði tekin, enda hafi barnaverndarnefnd alla möguleika á að fylgjast náið með framvindu mála og, ef þörf er á, að krefjast forsjársviptingar síðar.

Að öðru leyti byggja stefndu á því að hér sem endranær beri að hafa að leiðarljósi það sem sé stúlkunni fyrir bestu, en samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skuli það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir og dómstólar gera ráðstafanir sem varða börn. Einnig skuli hagsmunir barna ávallt hafðir í fyrirrúmi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2002.

Við blasi að um mjög íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sé að ræða fyrir stefndu og dóttur þeirra. Umrædd ákvörðun feli í sér verulegt inngrip í réttindi þeirra, auk þess að hafa mjög afgerandi áhrif á líf stúlkunnar. Stefndu telja að krafa stefnanda gangi gegn hagsmunum dóttur þeirra og að það sé henni fyrir bestu að stefndu hafi áfram forsjá, ásamt því að hafa reglulega umgengi við móður sína og föður, án eftirlits barnaverndaryfirvalda.

Stefndu skírskota til þess að það sé grundvallaratriði í barnaverndarmálum að taka beri tillit til vilja barns, eftir því sem unnt er, sbr. 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 46., gr. og 2. mgr. 64. gr. í lögum nr.

80/2002 og 12. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barsins nr. 19/2013. Einnig hafi tengsl barns við foreldra almennt umtalsvert vægi við úrlausn barnaverndarmála.

Í máli þessu hafi barnaverndaryfirvöld uppfyllt þá skyldu sína að kanna vilja barnsins. Hins vegar telja stefndu að barnaverndaryfirvöld hafi vanrækt að taka réttmætt tillit til skoðana stúlkunnar, þó að hún sé nú á [...] ári. Það sé skýr og eindreginn vilji barnsins er um ræðir að búa hjá stefndu, foreldrum sínum.

Í talsmannsskýrslu C 14. mars 2017 komi vilji stúlkunnar skýrt fram. Talsmaður hafi metið það svo að stúlkun sé jákvæð gagnvart því að vera hjá [...] og [...] en að hana langi þó að búa hjá stefndu. Vilji stúlkunnar til þess að vera hjá foreldrum sínum hafi eingöngu styrkst frá því að hann var kannaður þann 8. október 2016, þrátt fyrir vistun utan heimilis.

Stefndu telja að tengsl þeirra við dóttur sína séu sterk og að það beri að hafa að leiðarljósi við úrlausn málsins. Vísa þau í því samhengi bæði til matsgerðar D og til greinargerðar félagsráðgjafa vegna fjölskyldumeðferðar frá 8. júní 2017. Ljóst sé að dóttir stefndu sé verulega tengd foreldrum sínum og svipting forsjár muni slíta í sundur böndin milli þeirra. Stefndu telja að slík tengslaröf kunni að verða stúlkunni skaðleg til lengri tíma. Telja stefndu að nú þegar megi greina merki um vanlíðan hjá dóttur þeirra vegna núverandi ástands. Í dagáli 16. mars 2017 komi fram að telpan sýni vanlíðan og einnig telja stefndu lakan námsárangur dóttur sinnar vera til marks um vanlíðan hennar yfir því að fá ekki að hafa meiri samskipti við foreldra sína.

V.

Af gögnum málsins má ráða að málefni barnsins sem hér um ræðir hafa nær stöðugt verið til meðferðar hjá stefnanda frá árinu [...]. Fjölmargar tilkynningar sem borist hafa barnaverndaryfirvöldum á þessu tímabili bera vott um það að aðstæður barnsins í umsjá stefndu hafi verið áhyggjuefni bæði skyldum og óskyldum aðilum. Efni tilkynninga þessara spannar vítt svið, allt frá vímuefnaneyslu foreldra til ofbeldis þeirra á milli, en hinn gegnumgangandi þráður hefur þó verið grunur um vanrækslu barnsins. Stefndu hafa samtals samþykkt átta meðferðaráætlanir en skjöl málsins bera með sér að þeim hafi reynst örðugt að standa við sinn hluta þessara áætlana. Þetta staðfesti E félagsráðgjafi í skýrslu sem hún gaf við aðalmeðferð málsins. Fram kom í máli E að hún hefði unnið í málinu um þriggja ára skeið, frá októbermánuði 2014 til október 2017, og komið að gerð allra meðferðaráætlana stefndu, nema þeirri fyrstu. Að sögn E hafa stefndu notið margháttaðs stuðnings en þeim hafi þó ekki tekist að nýta sér þau úrræði í framkvæmd á heimili sínu. Stefndu hafi verið mjög ósamstíga í uppeldinu. Vímuefnaneysla hafi einnig haft áhrif og stefndu séu óvirk og aðgerðalaus heima fyrir. Erfitt hafi reynst að koma á stöðugleika í lífi telpunnar því stöðugleika hafi skort heima fyrir. E sagði einnig að stefndu virtist vanta innsæi og að skort hafi á samvinnu af hálfu stefndu. E kvaðst telja að stúlkun upplifði hollustuklemmu milli foreldra sinna og fósturforeldra. Hin síðarnefndu, sem eru [...], hafi lýst því yfir að þau séu tilbúin að hafa telpuna áfram hjá sér.

Í álitserð D 31. mars 2016 kemur fram í niðurstöðukafla að forsjárhæfni móður sé verulega skert og að forsjárhæfni föður sé skert. Um móður segir þar nánar að forsaga hennar endurspegli langvarandi óstöðugleika í félags- og tilfinningalífi og almenna félagslega aðlögunarerfiðleika þar sem vinnu- og skólasaga sé takmörkuð. Innsæi hennar sé slakt gagnvart eigin vanda og virðist viðhorf hennar yfirleitt stýrast af ytri stjórnrot þar sem hún leiti iðulega skýringa á því sem miður fari með því að benda á aðra. Niðurstöður geðgreiningarviðtals og útfylltra matslista bendi til þess að fyrrgreindur óstöðugleiki sé „langvarandi og verulega hamlandi“. Þol hennar gagnvart mótlæti sé takmarkað og að áliti matsmanns virðist B eiga erfitt með að setja mörk öðruvísi en að sveiflast milli þess að vera eftirlátssöm og yfir í það að vera árásgjörn með reiði og pírringi. Hvatvísi og takmarkað þol gagnvart mótlæti verði til þess að B verði auðveldlega reið og pirruð í samskipum við sína nánustu. Matsmaður ber einkennamynd B saman við persónuleikaröskun af samsettum toga, bæði jaðar- og andfélagsleg

persónuleikaeinkenni, þar sem hún tjái viðhorf sem stangist á við almennar félagslegar reglur og gildi. Einnig er í álitserðinni vikið að því að komið hafi fram veikleikar tengdir vitsmunastarfi hjá stefndu B og að þeir veiki forsjárhæfni hennar þar sem greind hennar mælist við neðri mörk meðallags. Um stefnda A segir nánar í niðurstöðum matsgerðar að hann hafi, líkt og barnsmóðir, glímt við langvarandi erfiðleika tengda félagslegri aðlögun, hegðun og líðan. Hann virðist samt búa yfir betra innsæi en hún varðandi þarfir barnsins, þótt hann hafi ekki megnað að skapa því viðunandi aðstæður. A er í álitserðinni talinn uppfylla viðmið um félagskvíða; aðlögunarerfiðleikar og óstöðugleiki í félags- og tilfinningalífi hafi lengi verið til staðar og svörunarmynstur á persónuleikaprófi er talið benda til einkenna jaðarpersónuleika og andfélagslegs persónuleika. Í álitserðinni eru einkenni af þessu tagi sögð rýra foreldrahæfni og tengslagetu, auk þess sem líklegt sé að skapgerðarþættir hafi áhrif á meðferðarheldni. Í niðurlagi álitserðarinnar kemur fram að bæði stefndu glími við veikleika í skapgerð og persónuleika sem rýri innsæi þeirra í eigin vanda og ábyrgð. Eiginleikar af þessu tagi séu líklegir til að torvelda alla meðferðarvinnu, enda hafi sýnt sig að meðferðarheldni sé slök. Innsæi stefndu og geta til að taka á vanda sínum virðist takmörkuð og ólíklegt að þau muni nýta sér frekari stuðningsúrræði í ljósi sögunnar, nema þau sæki meðferð. Í niðurstöðum greindrar álitserðar er lagt til að barnið verði vistað utan heimilis til lengri tíma, eða þar til foreldrar geti sýnt fram á stöðugleika og bætтар aðstæður.

D kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og staðfesti álitserð sína og niðurstöður hennar. Spurður um styrkleika móður sagði hann að styrkleikar hennar væru yfirskyggðir af veikleikum. Vísaði hann í því sambandi meðal annars til neyslusögu hennar og persónuleikabresta sem rýri forsjárhæfni. Þegar D var spurður hvaða veikleikar foreldra hefðu legið til grundvallar mati hans svaraði hann því til að ýmis úrræði hefðu verið reynd varðandi umhirðu. Neysla hafi verið staðfest. Mikils óstöðugleika hafi gætt hjá foreldrum, sem einkennt hafi allt þeirra fjölskyldulíf. Aðbúnaður á heimili þeirra hafi verið slæmur. Við skýrslutökuna staðfesti D að hann hefði síðar verið beðinn um að gera endurmat, en illa hafi gengið að fá móður til samvinnu um það. Hann hafi náð tali af móður í upphafi árs 2017 en hún ekki mætt í bókaðan tíma og ekki svarað þegar matsmaður hringdi. Í vætti D kom fram það álit hans að meðan ekkert hefði breyst hjá foreldrum væri hagsmunum barnsins best borgið með því að vera áfram hjá móðurforeldrum. Matsmaður var spurður hvort hann teldi persónuleikaraskanir móður meðferðarhæfar. Því svaraði hann á þá lund að grunnþættir í skapgerð hennar gerðu meðferð erfiða.

F, félagsráðgjafi hjá stefnanda, gaf einnig skýrslu við aðalmeðferð málsins, en meðal gagna málsins eru dagálar, undirritaðir af henni, þar sem lýst er samskiptum við stefndu og tilraunum til samskipta, en dagálar þessir ná fram í aprílmánuð 2018. Þar kemur meðal annars fram að stefndu hafi ýmist afboðað sig í viðtöl hjá F eða ekki mætt, ekki svarað símtölum og ekki mætt til að hitta dóttur sína, eins og telpunni hefði þó verið lofað. F staðfesti að hún hefði fyrst komið að máli við stefndu í októbermánuði 2017. Kvaðst F hafa talað við telpuna tvisvar sinnum, en í fjögur skipti hefði hún boðað foreldra hennar í umgengni við hana en þau aldrei mætt. Aðeins einu sinni hefði móðirin hringt og boðað forföll vegna veikinda. Að sögn F mátti merkja vanlíðan hjá telpunni þegar foreldrar hennar mættu ekki á boðuðum tíma til umgengni, sem þá féll niður. F kvaðst telja að sterk tengsl væru milli stúlkunnar og móður hennar, en hún vissi ekki hvort þau tengsl væru góð. F kvaðst telja að telpan hefði áhyggjur af móður sinni. Hún telur að telpan sé ánægð hjá [...] og [...].

Fyrir liggur að stefnda er langt gengin með sitt þriðja barn og á von á sér um miðjan júní næstkomandi. Að sögn F hefur stefnda mætt stopult í mæðraskoðun og ekki skilað þvagprufum. Hún hafi mælst neikvæð 19. febrúar sl. en síðan þá hafi hún ýmist ekki getað pissað, ekki viljað það eða látið sig hverfa án þess að skila sýni. F sagðist engar upplýsingar hafa um hugsanlega neyslu stefnda A. Að sögn F bauð hún báðum stefndu á fund til sín 30. janúar sl. en þau hefðu ekki mætt. F hafi þá hringt en þau ekki svarað. Þau hafi svo fengið nýjan tíma í febrúarmánuði en ekki mætt.

Með hliðsjón af framangreindum vitnaskýrslum og framlögðum gögnum þykir sýnt að stefndu hafi ekki nýtt sér þann stuðning sem þeim hefur staðið til boða, ekki sýnt viðleitni til samvinnu við barnaverndaryfirvöld og ekki sinnt samskiptum við starfsmenn stefnanda, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir starfsmanna.

Dóttir stefndu hefur frá 20. apríl 2016 verið vistuð hjá [...], sem stýrt hafa umgengni hennar við stefndu. Af framburðum vitna og fyrirbyggjandi gögnum má ráða að telpunni líði vel hjá fósturforeldrum og betur ef hún nýtur umgengni við foreldra sína. Vísbendingar eru þó um að barnið upplifi hollustuklemmu gagnvart foreldrum sínum og líti jafnvel svo á að hún beri ábyrgð á þeim.

Frá því að meðferðaráætlun var gerð í októbermánuði 2016 hefur móðir ítrekað mælt jákvæð fyrir amfetamíni og faðir hefur tvisvar mælt jákvæður fyrir sama efni. Ekkert í gögnum málsins eða skýrslum sem gefnar voru við aðalmeðferð sýnir að stefndu hafi farið í meðferð eða sinnt endurhæfingu. Þegar starfsmenn stefnanda hafa farið í óboðað eftirlit heim til stefndu hafa þau ekki verið heima. Ráða má af skýrslu frá [...] 25. september 2017 að telpunni hafi farið mikið fram eftir að vistun hófst og sé í mun betra jafnvægi en fyrr. Samkvæmt upplýsingum frá sama skóla 21. nóvember 2017 er umhirða barnsins góð og aðbúnaður góður.

Meðal gagna málsins er bréf frá Göngudeild fíknigeðmeðferðar við Landspítala háskólasjúkrahús til stefnanda dagsett 2. febrúar sl. Í bréfinu kemur fram að stefnda B hafi verið nauðungarvistuð á móttökugeðdeild fíknimeðferða í 72 klukkustundir 17. janúar sl., þá gengin 19 vikur „og grunur til staðar um virkan fíknivanda“. Í bréfinu kemur fram að gerð hafi verið „vímuefnaleit í þvagi þar sem mældist amfetamín“.

Við upphaf aðalmeðferðar voru lögð fram ný gögn sem gefa nánari vísbendingar um stöðu stefndu nú. Þar á meðal er tölvuskeyti 8. mars sl. frá G, sérfræðiljóssmóður á kvennadeild Landspítala, þar sem fram kemur að stefnda B hafi mætt í skoðun tvo miðvikudaga í röð en ekki skilað þvagi í vímuefnaleit. Í dagnótum H, starfsmanns stefnanda, kemur m.a. fram að 19. mars sl. hafi H rætt við I, félagsráðgjafa á fíknigeðdeild, um stöðu stefndu B. Þar segir: „[...] hún hefur ekki skilað testum, engin samvinna og næst ekki í hana“. Aðrar færslur í dagnótum þessum eru í sama dúr. Í öðrum dagnótum H, sem bera yfirskriftina „Dagnótur 2018“, kemur fram að stefndu hafi 17. janúar sl. verið borin út úr íbúð sem þau höfðu haft til umráða. Fram kom í aðilaskýrslu stefnda A við aðalmeðferð málsins að stefndu byggju nú hjá [...] meðan þau væru að leita sér að nýju húsnæði. Sú leit hafi þó enn ekki skilað neinum árangri.

Undir rekstri málsins hefur samkvæmt framanskráðu ekkert komið fram sem bendir til þess að stefndu hafi ráðið bót á þeim vandamálum sem kölluðu á afskipti barnaverndaryfirvalda árið 2012. Ný gögn og skýrslur félagsráðgjafa hér fyrir dómi eru til marks um að samskipti við stefndu séu höktandi af ástæðum sem varða stefndu. Þegar horft er heildstætt á þá samskiptasögu telur dómurinn óhjákvæmilegt annað en að líta svo á að hún beri vott um skort á samstarfsvilja stefndu. Þá hefur heldur ekkert komið fram sem haggar niðurstöðum álitserðar D frá 2016. Svo sem fyrr greinir kom fram í skýrslu D það álit hans að meðan ekkert breytist til hins betra hjá stefndu sé hagsmunum barnsins best borgið með því að vera áfram hjá [...]. Með því að ekkert bendir til þess að breytingar hafi orðið til batnaðar hjá stefndu og félagslegar aðstæður þeirra raunar versnað þar sem þau hafa nú ekki lengur fast húsnæði til umráða telur dómurinn sýnt að uppfyllt séu skilyrði forsjárviptingar samkvæmt ákvæðum a- og d-liða 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með því að sömuleiðis þykir sýnt, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 80/2002, að öðrum og vægari úrræðum verði ekki beitt til að bæta stöðu barnsins samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80/2002 verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndu hafa lagt fram gjafsóknarleyfi vegna reksturs þessa máls fyrir héraðsdómi, útgefið 4. janúar sl., sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 80/2002. Af hálfu stefnanda var ekki gerð krafa um málskostnað og er því rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, sem telst, miðað við atvik málsins, umfang þess og rekstur hæfilega ákveðin 900.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Aðalsteini Sigfússyni sálfræðingi og Guðfinnu Eydal sálfræðingi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Stefndu, B og A, eru svipt forsjá dóttur sinnar, C, sem fædd er [...].

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, 900.000 krónur.